

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlags-
hlutafélög o.fl.).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Efnismálsliður b-liðar 1. gr. orðist svo: Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Ef um er að ræða hlutafélög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, skal slík tilkynning send viðkomandi markaði fyrir aðalfund.
2. Við 2. gr.
 - a. 5. mgr. a-liðar falli brott.
 - b. 1. másl. 1. mgr. c-liðar orðist svo: Samþykki allra hluthafa þarf til að breyta félags-
samþykktum ef breyta á hlutafélagi í samlagshlutafélag.